

## **Dómur áfrýjunardómstóls HSÍ**

Ár 2013, fimmtudaginn 19. desember, kl. 16,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) háð á skrifstofu Lögfræðistofa Reykjavíkur í Borgartúni 25, Reykjavík, af Gunnari Jónssyni, sem staddur er í Bandaríkjunum og fara samskipti fram í gegnum fjarfundarbúnað, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Þorsteini Einarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2013

handknattleiksdeild Fjölnis

gegn

Íþróttafélaginu Hamrarnir

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

### **dómur**

I.

Mál þetta dæma Gunnar Jónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Þorsteinn Einarsson.

Hinn kærði úrskurður féll í dómstól HSÍ þann 19. nóvember 2013, en með úrskurðinum var fallist á kröfu Íþróttafélagsins Hamrana um að leikur meistaraflokks karla á milli hkd. Fjölnis og Íþróttafélagsins Hamrana, sem fram fór 8. nóvember 2013, yrði ógiltur og leikinn að nýju, sbr. 1. tl. 45. gr. laga Handknattleikssambands Íslands.

Áfrýjandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði endurskoðaður og að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 42. gr. laga HSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir áfrýjunardómstólinn, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum, þegar sérstaklega stendur á.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess að frá nefndri meginreglu verði vikið.

II.

Helstu málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða úrskurði dómstóls HSÍ.

### III.

Samkvæmt leikreglum HSÍ, ákvæði 2:8, er ótvírætt að leikur stöðvast þegar tímaverðir gefa merki þar um. Hvenær það var gert er spurning um staðreynd, en ekki hvort dómara leiksins hafi heyrt merkið. Það skiptir öllu um niðurstöðu þessa máls hvort merkið var gefið áður en mark var skorað eða ekki.

Vangaveltur um hvort lið hafi verið svipt upplögðu marktækifæri eiga ekki við varðandi úrlausnarefnið sem lagt hefur verið fyrir dómstólinn. Dómara og tímaverðir eru starfsmenn við framkvæmd leiksins, þátttakendur í sjálfum leiknum, ekki félagar eða starfsmenn annars keppnisliðsins og reglan um að svipta lið upplögðu marktækifæri á ekki við um þá.

Gögn málsins bera ekki skýrt með sér hvort tímaverðir gáfu merki áður en skorað var eða ekki. Skýrslur dómara þar um eru misvísandi. Þar sem það er álit dómstólsins, að niðurstaða málsins geti ráðist af því hvenær nákvæmlega merki var gefið, hefði átt að leiða fyrir dóminn og yfirheyra um atvik þá sem sáu um framkvæmd leiksins, dómara og tímaverðina. Það var hinsvegar ekki gert.

### IV.

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða dómsins að ómerkja beri hinn áfrýjaða úrskurð og vísa máli þessu aftur til dómstóls HSÍ svo taka megja skýrslur af starfsmönnum við framkvæmd leiksins í því skyni að reyna að upplýsa hvort merki hafi verið gefið áður en mark var skorað eða ekki.

Dómurinn kom fyrst saman vegna málsins 03.12.2013. Vegna annríkis dómenda hefur dregist nokkuð að kveða upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður er ómerktur og er málinu vísað aftur heim til dómstóls HSÍ til nýrrar aðalmeðferðar og álagningar úrskurðar að nýju.

Gunnar Jónsson (sign)

Jóhannes Albert Sævarsson (sign)

Þorsteinn Einarsson (sign)